


# Þeir upp




Mbl/Árni Sæberg

Pau opna samsýningu á skúlptúrum í dag. Frá vinstri: Ragnar Stefánsson, Íris Friðriksdóttir, Ólafur Gíslason og Kristján Steingrímur.



Áður var kaffistofan.

Lokahönd lögð á frágang kaffistofu í Austurfor-  
sal.

„Persónulegur symbolismi og flókin frásögn.“ Sýning á 60 teikningum Alfreðs Flóka úr eigu Listasafns Reykjavíkur.

Í þeim er ávallt fólgin einhver frásögn eins og t.d. í verkinu Tristan og Ísold.“

Verk Ásmundar hafa um árabil verið til sýnis í Ásmundarsafni en Gunnar segir að með því að taka verkin úr sínu hefðbundna umhverfi gefist kannski tækifæri til að skoða

þau í nýju ljósi og mynda ný tengsl við þau.

### Höggmyndir og glerlist

Fjórir skúlptúristar af yngri kynslóðinni opna samsýningu í Vestursalnum í dag. Þetta eru þau Kristján Steingrímur, Ragnar Stefánsson, Íris

Friðriksdóttir og Ólafur Gíslason. „Það má segja að þetta sé allt fólk sem kannað hefur nýjar leiðir og er frumlegt og ferskt.“

Fjórða sýningin sem opnar í dag er á glerverkum eftir færeyska listamanninn Trónd Patursson. Þetta eru samsett verk, e.k. glermósaik en Tróndur er þekktur listamaður í Færeyjum og forvitnilegt að sjá verk hans hér,“ segir Gunnar.

### Sýningar framundan

Til að gefa hugmynd um hvernig hin breytta stefna í sýningahaldi Kjarvalsstaða mun birtast í framkvæmd á næsta ári er ekki úr vegi að slá botninn í þessa grein með því að hlaupa á því helsta sem verður á boðstólum eftir áramótin. Þar ber fyrstar að telja þrjár stórar sýningar; hin fyrsta ber yfirskriftina Nútímalist frá Skotlandi (janúar-febrúar), sýningu í febrúar og mars á norrænni samtímalist undir yfirskriftinni Hvað gefur náttúran? og í mars og fram í apríl verður stór sýning sem nefnist Íslenskt landslag 1900-1945.

Af íslenskum listamönnum sem sýna á næsta ári má nefna Sæmund Valdimarsson, Daða Guðbjörnsson, Rögnu Ingimundardóttur, Daníel Magnússon, Magnús Kjartansson, Sólveigu Aðalsteinsdóttur og Finnþoga Magnússon. Yfirlitssýningar verða á verkum Gunnlaugs Blöndal og Louisu Matthíasdóttur. Af erlendum sýningum ber einna hæst sýningu á höggmyndum franska meistarans Rodin í október en einnig verður sýning á Norrænni byggingalist undir yfirskriftinni Fimm norrænir meistarar. Þá verða einar tvær ljósmyndasýningar og í lok ársins verður sýning á verkum Keith Haring og Geoffrey Hendricks. Það verður því af nógu að taka, sjá og skoða á Kjarvalsstöðum í haust og næsta ári.

HS

## MENNING/LISTIR

### Í NÆSTU VIKU

#### MYNDLIST

##### Kjarvalsstaðir

Sýningar frá 29.8.–13.9. Samsýning: Íris Friðriksdóttir, Kristján Steingrímur, Ólafur Gíslason og Ragnar Stefánsson sýna höggmyndir og skúlptúra. Alfreð Flóki: Teikningar í eigu Listasafns Reykjavíkur. Tróndur Patursson frá Færeyjum sýnir glerverk. Ásmundur Sveinsson: Abstrakt höggmyndir.

##### Norræna húsið

Kjörgripir. Sýning á hefðbundinni japanskri leirkeragerð.

##### Listasafn Íslands

Sýning á verkum í eigu safnsins. Á neðri hæð eru verk eftir

innra herbergi til 3. sept. Í fremra herbergi sýnir Magnús S. Guðmundsson. Opið er alla daga frá 13 til 18.

##### G-15 Skólavörðustíg 15

Síðasta sýningarhelgi á ljósmyndum Katrínar Elvarsdóttur. Opið 14–18 og lýkur sunnudag 30. ágúst.

##### Hafnarborg

Elías B. Halldórsson sýnir olíumálverk. Í kaffistofu Hafnarborgar sýna Einar Már Guðvarðarson og Susanne Christensen höggmyndir.

##### Snegla - Listhús, Grettisgötu 7

Sýning á myndverkum og listnumum 15 listamanna. Opið virka daga 12–18, og laugardaga 10–14.

##### Perlan, Öskjuhlöð

Jón Baldvinsson sýnir málverk. Sýningin stendur til 2. september.

##### Gallerí úmbra v/Amtmannsstíg

Halldóra Emilsdóttir sýnir málverk. Sýningin stendur til 9. september.

##### Hólar í Hjaltadal

Myndlistarsýning Gísla Sigurðssonar. Myndröð við Sólarljóðin. Einnig stendur yfir sýning á bókum frá Hólaprenti úr einkasöfnum sr. Ragnars Fjalars Lárussonar og sr. Björns Jónssonar.

##### Slunkaríki, Ísafirði

Grétar Reynisson sýnir teikningar til 13. sept.

#### TÓNLEIKAR

##### Laugardagur 29. ágúst

Miðgarður í Skagafirði. Galgopar og Diddú. Söngskemmtun. Sigrún Hjálmtýsdóttir sópran, Óskar Pétursson tenór, Stefán Birgisson tenór, Atli Guðlaugsson barítón, Vilberg Jónsson bassi og Þorsteinn Jósefsson bassi flytja íslensk og erlend sönglög.

Kirkjuhvoll Garðabæ kl. 17: Burtfaratónleikar frá Tónlistarskóla Garðabæjar. Helga Björg Ágústsdóttir og Steinunn Birna Ragnarsdóttir leika verk eftir Bach, Beethoven, Ravel og Lalo

##### Þriðjudagur 1. sept.

Tónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar kl. 20.30: Angela Spor sópran og Þóra Friða Sæmundsdóttir píanóleikari flytja verk eftir Janacek, Schönberg, Britten og Granados.

##### Fimmtudagur 3. september

Sinfónútónleikar í Stykkishólmi. Hljómsveit Tónlistarháskólans í Freiburg leikur undir stjórn Gunnsteins Ólafssonar.

#### LEIKLIST

##### Light Nights í Tjarnarbiói

Sýningar Ferðaleikhússins á Light Nights-dagskránni eru á hverju fimmtudags-, föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöldi í Tjarnarbiói og hefjast klukkan 21.00. Efni sýningarinnar er íslenskt en að mestu flutt á ensku.

frumherja íslenskrar málara-listar og á efri hæð eru nýrri verk auk nokkurra erlendra verka. Listasafn Íslands er opið alla nema mánudaga kl. 12–19.

##### Nýlistasafnið

Myndhöggvarafélagið í Reykjavík 20 ára. Minningarsýning um Ragnar Kjartansson myndhöggvara stendur til 30. ágúst.

##### FÍM-Salur, Garðastræti 6

Finnska listakonan Lena Pyyhtiä-Viljanen sýnir olíumálverk.

##### Listasalurinn Nýhöfn, Hafnarstræti

Hafsteinn Austmann opnar í dag sýningu á málverkum.

##### Önnur hæð, Laugavegi 37

Sýning á verkum eftir Donald Judd. Opið miðvikudaga klukkan 14–18, eða eftir samkomulagi.

##### Listmunahúsið, Hafnarhúsinu

Sýning á stórum sjávarlífsmyndum eftir Gunnlaug Scheving.

##### Hulduhólar, Mosfellssveit

Sumarsýning Hulduhóla stendur yfir um þessar mundir. Listamennirnir sem sýna eru Steinunn Marteinsdóttir, Sveinn Björnsson, Sverrir Ólafsson og Hlíf Ásgrímsdóttir. Opið er frá 14 til 19 alla daga nema fimmtudaga og föstudaga, þá er opið frá 17 til 22.

##### Gallerí 11

Ólafur Benedikt Guðbjartsson sýnir olíu- og akrýlmálverk í